

Olúdreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 14. desember 2022
UST202203-071/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á geymi T0060, nr. 690.02.00 - Olúdreifing ehf. Vopnafirði

Umhverfisstofnun barst þann 25. nóvember sl. þykktarmælingar á geymi Olúdreifingar ehf., Vopnafirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0060 og eigendanúmerið 690.02.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila við Hafnarbyggð 4, Vopnafirði. Geymirinn er standandi stálgeymir, byggður árið 1961.

Þykktarmælingar framkvæmdu Andre Sandö og Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., Kópavogi, þann 25. október 2022. Upplýsingar varðandi aðstæður, notkun geyma o.fl. veitti Ari Elísson og Gunnar Kr. Sigmundsson hjá Olúdreifingu ehf. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var sjónskoðun einnig framkvæmd og kverksuða geymis skoðuð sérstaklega vel ásamt öðrum suðum innanvert í geymi. Botn geymisins var mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að geymirinn er málaður að hluta að innan. Hann er í þökkalegu ásigkomulagi að innanverðu, gólfflötur er alsettur 0,5-1,5 mm djúpum pyttum. Í kringum súluna er töluverð tæring við plattan sem er ósoðinn við gólf geymis. Gert var við þá staði sem þurfa þótti og ný plata sett undir súluna sem heilsóðin var svo við gólfið. Var það framkvæmt af viðgerðarteymi Olúdreifingar. Einnig var soðið í nokkra bletti.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri